

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 20. júní kl. 12:00 var haldinn 89. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Ásta Þorleifsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir og Eydís Aðalbjörnsdóttir. Ennfremur sátu fundinn framkvæmdastjóri fjármála, framkvæmdastjóri veitna og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram svar framkvæmdastjóra fjármála dags. 19. júní við fyrirspurn um áhrif þess á Orkuveitu Reykjavíkur að halda úti íslensku krónunni í samanburði við það að tekinn verði upp stöðugri gjaldmiðill eins og Evra.
2. Lagðir fram eftirtaldir kjarasamningar.

- Rafiðnaðarsamband Íslands
- Samiðn
- VM - félag vélstjóra og málmteknimanna
- Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga

Jafnframt lagt fram minnisblað samninganefndar OR um samninga við félög iðnaðarmanna dags. 19. júní og minnisblað samninganefndar dags. sama dag um samning við KVH.

Páll Erland, framkvæmdastjóri veitna fór yfir og kynnti samningana.

Samþykkt.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga dagsett 18. þ.m.

1. Gjaldskrá hitaveitu jaðarveitna hækki um 17% frá og með 1. júlí næstkomandi. Auk þess að veita forstjóra heimild til að aðlaga gjaldskrár jaðarveitna að verðlagsbreytingum, markaðsaðstæðum og afkomu veitnanna.
2. Heimæðargjöld hitaveitu jaðarveitna verði samræmd við gjaldskrá Munaðarnesveitu og Hlíðaveitu og hækki um 30%, frá og með 1. júlí næstkomandi.

Tillöggunni fylgir greinargerð. Jafnframt lagt fram töfluyfirlit yfir gjaldskrár jaðarveitna.

Samþykkt.

3. Lagt fram erindi frá Farice ehf dags. 12. þ.m. um handveð í hlutafé Eignarhaldsfélagsins Farice ehf.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir erindi Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. dags. 12. júní sl. varðandi handveð hlutabréfa til tryggingar lántöku til verkefnisins og veitir formanni stjórnar umboð til undirritunar skjala þar að lútandi enda samþykki allir hluthafar Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. að veðsetja hluti sína.

Samþykkt.

4. Lagt fram minnisblað forstjóra og framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu um stöðu virkjanamála og raforkuframleiðslu á Hengilsvæðinu dagsett 11. þ.m.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir lögðu fram fyrirspurnir um arðsemi Nesjavallavirkjunar, arðsemi Hellisheiðarvirkjunar og dótturfélög um virkjanir. Fyrirspurnunum fylgir greinargerð.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga dagsett 11. þ.m.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur heimilar forstjóra fyrirtækisins að framlengja gildistíma viljayfirlýsingar um raforkusölu við kísilhreinsunarfyrirtæki í Þorlákshöfn til loka september mánaðar 2008.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir sitja hjá og vísa til bókunar sinnar á stjórnarfundi 13. mars sl.

Bókun stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er hlynnt því að orka frá Hengilssvæðinu geti nýst til atvinnuuppbyggingar í héraði eftir því sem kostur er og tækifæri gefast.

6. Lögð fram drög að viðauka við raforkusamning Norðuráls og Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir sitja hjá.

7. Lagt fram erindi Hannesar Fr. Sigurðssonar með eftirfarandi tillögu stjórnar útvistarsvæða:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir framlagðar samþykktir fyrir Stjórn útvistarsvæða Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt.

8. Lögð fram drög af þjónustusamningi milli Skógræktarfélags Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt að vísa drögunum til stjórnar útvistarsvæða til umsagnar.

9. Lögð fram drög að samningi milli Prokatín ehf., og Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt.

10. Eftirfarandi styrkbeiðnir samþykktar:

Knattspyrnudeild Fylkis vegna Orkumóts í knattspyrnu fyrir 7. flokk drengja og telpna. 1.000.000 kr.

Handknattleiksdeild Fjöltnis vegna barna- og unglíngastarfs. 700.000 kr.
Þríhjúkar ehf. 1.000.000 kr.

11. Málefni REI rædd.

12. Lagt fram eríndi Hrafnístu dags. 10. júní 2008.
Forstjóra falið að leggja drög að svári fyrir stjórn.

13. Svohljóðandi tillaga lögð fram varðandi starf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur.
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að auglýsa starf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur laust til umsóknar.

14. Önnur mál.

- Lagt fram upplýsingablað um niðurstöðu úrskurðarnefndar Viðlagatryggingar vegna tjóns í jarðskjálftunum 2000 á hitaveitu Rangæinga.
- Lagt fram upplýsingablað vegna 6% hækkunar Landsvirkjunar á raforku.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:50

Kjartan Magnússon,
Ásta Þorleifsdóttir, Eydís Aðalbjörnsdóttir,
Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir.